



Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 23. október 2023

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum.

Þingskjal 99 — 99. mál.

Stjórn Landverndar styður bann við hvalveiðum. Tímabundin stöðvun matvælaráðherra á veiðunum í sumar og stutt vertíð í lok tímabilsins, þar sem 24 langreyðar voru veiddar, hefur fest fyrra álit Landverndar á hvalveiðum í sessi frekar en hitt. En þar voru veiðar Hvals 8 stöðvaðar vegna þess að þær stóðust ekki reglur og hvalir liðu óþarfa kvalir að ástæðulausu.

Landvernd styður því frumvarpið, eins og hvert það mál sem bindur enda á hvalveiðar til frambúðar. Hvalveiðar eru tilgangslausar sem fæðuöflun, þær ganga gegn dýravernd og þær raska náttúrulegri hringrás kolefnis og því skaðlegar fyrir loftslagið á fjölbreytilegan hátt. Hvalir eru einir öflugustu náttúrulegu kolefnisfangarar sem fyrir finnast í náttúrunni og hringrás hvala og svifs er ein af meginstoðum lífs í hafinu.

*Með vinsemd og virðingu
f.h. stjórnar Landverndar*

Þorgerður M Þorbjarnardóttir